

REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 297/2011
um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fóðri og matvælum,
sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins
í Fukushima-kjarnorkuverinu.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. og II. kafla, I. viðauka og XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 1. maí 2010, öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 297/2011 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fóðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu.

2. gr.

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Allur kostnaður við opinbert eftirlit, þ.m.t. sýnataka, greining sýna, geymsla, förgun og allar aðrar ráðstafanir sem gripið er til skal greiddur af innflutnings- og dreifingaraðilum eftir því sem við á.

4. gr.

Innflutnings- eða dreifingaraðilar sem flytja inn eða dreifa vörum sem reglugerð þessi tekur til, skulu senda Matvælastofnun tilkynningu og gögn um fyrirhugaðan innflutning ásamt upplýsingum um áætlaðan komutíma.

5. gr.

Matvælastofnun hefur eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt samkvæmt 6. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli og 3. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

6. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 27. gr. b og 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli og 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 7. apríl 2011.

Jón Bjarnason.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 297/2011**

frá 25. mars 2011

um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fóðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla⁽¹⁾, einkum ii. lið b-liðar 1. mgr. 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er kveðið á um möguleika á að samþykkja viðeigandi neyðarráðstafanir Bandalagsins vegna matvæla og fódurs, sem flutt eru inn frá þriðja landi, til að vernda heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið ef ekki er hægt að hafa fullnægjandi stjórn á þessari áhættu með þeim ráðstöfunum sem aðildarríkin hafa gripið til hvert fyrir sig.
- 2) Í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu 11. mars 2011 var framkvæmdastjórninni tilkynnt um að styrkur geislavirkra kjarnategunda í tilteknum matvælum, sem eru upprunnin í Japan, t.d. mjólk og spínati, væri umfram þau aðgerðarmörk fyrir matvæli sem gilda í Japan. Slík mengun getur skapað hættu fyrir lýðheilsu og heilbrigði dýra innan Bandalagsins og því er rétt að gerðar séu, í varúðarskyni, bráðarráðstafanir á vettvangi Evrópusambandsins til að tryggja öryggi fódurs og matvæla, þ.m.t. fiskur og fiskafurðir sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan. Þar eð enn hefur ekki tekist að ná tókum á slysinu er rétt, á þessu stigi, að þær prófanir sem krafist er fyrir útflutning gildi að því er varðar fóður og matvæli sem eru upprunnin í héruðum sem hafa orðið fyrir áhrifum og eru með sóttvarnarsvæði og við innflutning skal gera slembiprófanir á fóðri og matvælum sem eru upprunnin á gervöllu yfirráðasvæði Japans.
- 3) Með reglugerð ráðsins (KBE) nr. 3954/87 frá 22. desember 1987 um leyfð hámarksgildi fyrir geislavirka

menkun í matvælum og fóðri í kjölfar kjarnorkuslyss eða hvers kyns annars neyðarástands af völdum geislunar⁽²⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (KBE) nr. 944/89 frá 12. apríl 1989 um leyfð hámarksgildi fyrir geislavirka mengun í matvælum, sem hafa lítið vægi, í kjölfar kjarnorkuslyss eða hvers kyns annars neyðarástands af völdum geislunar⁽³⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (KBE) nr. 770/90 frá 29. mars 1990 um leyfð hámarksgildi fyrir geislavirka mengun í fóðri í kjölfar kjarnorkuslyss eða hvers kyns annars neyðarástands af völdum geislunar⁽⁴⁾ voru fastsett hámarksgildi.

- 4) Hægt er að innleiða þessi hámarksgildi eftir að framkvæmdastjórninni hafa borist upplýsingar um kjarnorkuslys sem færa sönnur á að leyfðum hámarksgildum geislavirkar mengunar í matvælum og fóðri verði líklega náð eða hafi þegar verið náð samkvæmt ákvörðun ráðsins 87/600/KBE frá 14. desember 1987 um kerfi Bandalagsins um skjót skipti á upplýsingum um neyðarástand af völdum geislunar⁽⁵⁾, eða samkvæmt samningi Alþjóðakjarnorkumála-stofnunarinnar frá 26. september 1986 um að tilkynna án tafar um kjarnorkuslys. Á meðan er rétt að nota þessi fyrirframákveðnu hámarksgildi sem viðmiðunargildi til að veita og meta hvort ásætlanlegt sé að setja fóður og matvæli á markað.
- 5) Japönsk yfirvöld hafa tilkynnt þjónustudeild framkvæmdastjórnarinnar að gerðar séu viðeigandi prófanir á matvælum frá svæðinu, sem mengunin nær til, sem flutt eru út frá Japan.
- 6) Til viðbótar við þær prófanir sem japönsk yfirvöld annast er rétt að gera ráð fyrir slembiprófunum á slíkum innflutningsvörum.
- 7) Rétt er að aðildarríki noti hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fóður (RASFF) og boðkerfi Evrópu-sambandsins vegna geislavár (ECURIE) til að tilkynna framkvæmdastjórninni um allar niðurstöður greininga. Ráðstafanirnar verða endurskoðaðar á grundvelli niðurstaðna þessara greininga.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 371, 30.12.1987, bls. 11.⁽³⁾ Stjtið. EB L 101, 13.4.1989, bls. 17.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 83, 30.3.1990, bls. 78.⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 371, 30.12.1987, bls. 76.⁽¹⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

- 8) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

framkvæmdastjórnarinnar (KBE) nr. 944/89 frá 12. apríl 1989 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (KBE) nr. 770/90 frá 29. mars 1990.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um fôður og matvæli, í skilningi 2. mgr. 1. gr. reglugerðar 3954/87, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, að undanskildum afurðum sem fóru frá Japan fyrir 28. mars 2011 og afurðum sem voru uppskornar og/eða unnar fyrir 11. mars 2011.

2. gr.

Staðfesting

1. Allar sendingar afurða sem um getur í 1. gr. skulu falla undir þau skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

2. Sendingar afurða, sem um getur í 1. gr., sem falla utan gildissviðs tilskipunar ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum⁽¹⁾, skulu fluttar inn í Bandalagið á tilnefndum komustað í skilningi b-liðar 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 frá 2. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukíð, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fôðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, og um breytingu á ákvörðun 2006/504/EB⁽²⁾.

3. Hverri sendingu af afurðum sem um getur í 1. gr. skal fylgja yfirlýsing þess efnis að

— afurðin hafi verið uppskorin og/eða unnin fyrir 11. mars 2011 eða

— að afurðin sé upprunnin í einhverju öðru héraði en Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Yamagata, Niigata, Nagano, Yamanashi, Saitama, Tokyo og Chiba eða

— ef afurðin er upprunnin í héruðunum Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Yamagata, Niigata, Nagano, Yamanashi, Saitama, Tokyo eða Chiba innihaldi hún ekki hærri styrk af geislavirku kjarnategundunum jöð-131, sesíumi-137 og sesíumi-137 en sem nemur þeim hámarksildum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (KBE) nr. 3954/87 frá 22. desember 1987, reglugerð

4. Fyrirmynd að yfirlýsingunni, sem um getur í 3. mgr., er sett fram í viðaukanum. Yfirlýsingin skal undirrituð af viðurkenndum fulltrúa lögbærra yfirvalda í Japan og þegar um er að ræða afurðir sem falla undir þriðja undirlið 3. gr. skal skýrsla um greiningu fylgja henni.

3. gr.

Upplýsingar til sanngreiningar

Hver sending af afurðum sem um getur í 1. gr. skal auðkennd með kóða sem skal tilgreindur á yfirlýsingunni, á skýrslunni um greiningu þar sem niðurstöðurnar úr sýnatöku og greiningu koma fram, á heilbrigðisvottorði og á öllum viðskiptaskjölum sem fylgja vörusendingunni.

4. gr.

Fyrirframtilkynning

Stjórnendur fôður- og matvælaframtækja eða fulltrúar þeirra skulu senda lögbærum yfirvöldum á skoðunarstöð á landamærum eða á tilnefndum komustað fyrirframtilkynningu um komu hverrar sendingar af afurðum, sem um getur í 1. gr., a.m.k. tveimur virkum dögum áður en sendingin kemur á staðinn.

5. gr.

Opinbert eftirlit

1. Lögbær yfirvöld á skoðunarstöð á landamærum eða á tilnefndum komustað skulu annast eftirlit með skjölum og auðkennum allra sendinga af afurðum, sem um getur í 1. gr., auk eftirlits með ástandi, þ.m.t. greining á rannsóknarstofu, a.m.k. 10% slíkra sendinga af afurðunum sem um getur í 3. undirlið 3. mgr. 2. gr. og a.m.k. 20% slíkra sendinga af afurðunum sem um getur í 2. undirlið 3. mgr. 2. gr. til að kanna hvort jöð-131, sesíumi-134 og sesíumi-137 séu fyrir hendi.

2. Sendingar af afurðum skulu vera undir opinberu eftirliti að hámarki í 5 virka daga þar til niðurstaða fæst úr greiningu á rannsóknarstofu.

3. Sendingin af afurðunum skal sett í frjálsta dreifingu með fyrirvara um að stjórnandi fôður- og matvælaframtækisins eða fulltrúi hans afhendi tolyfyrivöldum yfirlýsinguna, sem um getur í viðaukanum, með tilskilinni áritun frá lögbæru yfirvaldi á skoðunarstöð á landamærum eða tilnefndum komustað sem sönnun fyrir því að opinberu eftirliti, sem um getur í 1. mgr., sé lokið og að hagstæðar niðurstöður liggja fyrir vegna eftirlits með ástandi, ef slíks eftirlits var krafist.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 11.

6. gr.

Kostnaður

Stjórnandi fôður- og matvælafyrirtækisins skal bera allan kostnað, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr., sem fellur til vegna opinbers eftirlits og annast allar ráðstafanir sem gripið er til ef ákvæðum er ekki fylgt.

7. gr.

Afurðir sem ekki uppfylla ákvæði

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar (KBE) nr. 3954/87 skal ekki setja fôður og matvæli á markað ef þau samrýmast ekki þeim leyfilegu hámarksgildum sem kveðið er á um í viðaukanum við reglugerð (KBE) nr. 3954/87, reglugerð (KBE) nr. 944/89 og reglugerð (KBE) nr. 770/90, heldur skal farga þeim á öruggan hátt eða senda þau aftur til upprunalands síns.

8. gr.

Skýrslur

Aðildarríki skulu nota hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fôður (RASFF) og boðkerfi Evrópusambandsins vegna geislavár (ECURIE) til að tilkynna framkvæmdastjórninni um allar niðurstöður greininga.

9. gr.

Gildistaka og gildistími

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda á gildistöku og gildir til 30. júní 2011. Reglugerðin verður endurskoðuð mánaðarlega á grundvelli áður nefndra niðurstaðna greininga.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. mars 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VÍÐAUKI

Yfirlýsing fyrir innflutning til Evrópusambandsins á

..... (*)

Kenninúmer vörusendingar **Nr. vottorðs**

Samkvæmt ákvæðum framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 297/2011 ⁽¹⁾ um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fæði og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu

..... (Lögbært yfirvald sem um getur í 2. mgr. 2. gr.)

LÝSIR ÞVÍ YFIR að

..... (afurðir sem um getur í 1. gr.)

í þessari vörusendingu sem er samsett úr:

..... (lýsing á sendingu, afurð, fjöldi og tegund pakkninga, brúttó- eða nettóþyngd)

fermd í (fermingarstaður)

hinn (fermingardagur)

af (nafn flytjanda)

fer til: (ákvörðunarstaður og -land)

sem kemur frá starfsstöðinni

..... (nafn og pósthfang starfsstöðvar)

var uppskorin og/eða hún unnin fyrir 11. mars 2011

er ekki upprunnin í neinu af héruðunum Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Yamagata, Niigata, Nagano, Yamanashi, Saitama, Tokyo eða Chiba

er upprunnin í einhverju af héruðunum Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Yamagata, Niigata, Nagano, Yamanashi, Saitama, Tokyo og Chiba og að sýni var tekið úr henni hinn (dagsetning), og sett í greiningu á rannsóknarstofu hinn

(dagsetning) á

(heiti rannsóknarstofu) til að ákvarða styrk geislavirku kjarnategundanna jöðs-131, sesíums-134 og sesíums-137 og niðurstöður greininganna eru í samræmi við hámarks-gildin sem um getur í 3. mgr. 2. gr. Skýrslan um greiningu fylgir með.

Gjört í hinn

Stimpill og undirritun viðurkennds fulltrúa lögbæra yfirvaldsins sem um getur í 4. mgr. 2. gr.

Þessi hluti skal fylltur út af lögbæru yfirvaldi á skoðunarstöð á landamærum eða tilnefndum komustað

Tollyfirvöld í Evrópusambandinu hafa samþykkt að vörusendingin verði sett í frjálsa dreifingu.

.....
 (Lögbært yfirvald, aðildarríki)

Dagsetning

Stimpill

Undirritun

B-deild – Útgáfud.: 13. apríl 2011

(*) Vara og upprunaland.

(1) Þessi reglugerð.